

Nd. 307. Frumvarp til laga [168. mál]

um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Stofna skal til bráðabirgða sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóðanna, er féllu í Norðfirði 20. desember 1974.

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og nefnist Norðfjarðardeild.

2. gr.

Hlutverk Norðfjarðardeildar er:

1. Að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Norðfirði.
2. Að greiða kostnað við björgun verðmæta og hreinsun rústa og athafnasvæða.
3. Að stuðla að endurbyggingu atvinnufyrirtækja, sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum.

3. gr.

Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs lýtur sömu stjórn og Viðlagasjóður og hefur sömu skrifstofu og starfslið.

Að því er snertir framkvæmd þessara laga skal stjórn Viðlagasjóðs hafa náið samráð við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Norðfirðinga fjalla.

4. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 4/1973 gilda einnig um Norðfjarðardeild.

5. gr.

Á tímabilinu 1. mars 1975 til 31. desember 1975 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn samkvæmt þessari grein, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

Tekjur þessar skiptast þannig, að 32% renna til Norðfjarðardeildar, en 68% til að mæta skuldbindingum Viðlagasjóðs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í samráði við Sildarverksmiðjur ríkisins, að selja Sildarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki úr þeim verksmiðjum Sildarverksmiðja ríkisins, sem ekki er fyrirsjáanleg þörf fyrir á næstunni, með mjög hagstæðum greiðslukjörum. Ríkisstjórnin ákveður verð og greiðsluskilmála.

7. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi forsætisráðherra til Viðlagasjóðs, dags. 30. desember 1974, fól ríkisstjórnin sjóðnum til bráðabirgða að koma fram gagnvart yfirvöldum í Neskaupstað við endurreisnina þar í kjölfar snjóflóðsins. Verkefni Viðlagasjóðs yrði í því fólgið að gera úttekt á tjóninu, bæta það, að svo miklu leyti sem það kemur í hlut annarra en venjulegra bótagreiðsluaðila og aðstoða yfirvöld í Neskaupstað að öðru leyti við endurreisnarstarfið.

Verkfræðingar og matsmenn sjóðsins hafa gert áætlun um útgjöld sjóðsins af þessu verkefni og telja þau nema 500 millj. kr. Áætlunin fylgir sem fylgiskjal nr. 1.

Þá fylgir hér sem fylgiskjal nr. 2 greiðsluáætlun Viðlagasjóðs vegna fyrri verkefna sjóðsins. Er sú áætlun gerð af framkvæmdastjóra sjóðsins með aðstoð hagfræðings Seðlabankans. Sýnir hún, að enn skortir 100 millj. kr. til að sjóðurinn geti komist sómasamlega frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Áætlun þessari fylgja ýtarlegar skýringar.

Í frv. þessu felst annars vegar vikkun á hlutverki Viðlagasjóðs, sem samkvæmt gildandi lögum takmarkast við eldgosið í Vestmannaeyjum og afleiðingar þess og hins vegar öflun þeirra 1600 millj. kr., sem sjóðinn skortir til að ljúka verkefnum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að stofna sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna verkefnanna á Norðfirði með sjálfstæðan fjárhag. Þó er gert ráð fyrir að sú deildaskipting yrði aðeins til bráðabirgða, þar sem ætlunin er að leggja fram síðar á þessu þingi frv. að varanlegri löggjöf fyrir Viðlagasjóð og má þá ætla að deildaskipting félli niður.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein vísar til þeirra ákvæða að opinberum aðilum sé skylt að veita stjórn Viðlagasjóðs aðstoð og upplýsingar og að Seðlabanki annist bókhald sjóðsins og ríkisendurskoðunin reikninga hans.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að afla sjóðnum 1 600 milljóna króna með tveim prósentu-
stigum á söluskattsstofn í 10 mánuði. Upphæðin skiptist niður á deildir sjóðsins í
hlutfalli við áætlanirnar 68% og 32%.

Um 6. gr.

Stærsta einstaka tjón á Norðfirði er eyðilegging sildarverksmiðjunnar. Er end-
urbygging hennar nauðsynleg, en ekki hægt að gera ráð fyrir að bætur fyrir gömlu
verksmiðjuna nægi fyrir byggingarkostnaði nýrrar. Til þess að fjármagna þennan
mismun gerir grein þessi ráð fyrir að ríkisstjórnin geti í samráði við Sildarverk-
smiðjur ríkisins selt Sildarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki, sem fyrirsjáanlega
er ekki þörf fyrir á næstunni með hagkvæmum kjörum. Auk þess verður að gera
ráð fyrir að Bygðasjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður hjálpi verulega til að
fjármagna þennan mismun.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Lausleg áætlun Viðlagasjóðs um útgjöld vegna Norðfjarðar.

Björgun og hreinsun	50 millj. kr.
Tjónabætur:	
Fasteignir	135 millj. kr.
Vélar, tæki og lausafé	225 — —
	<hr/>
	360 — —
Aðrar bætur	40 — —
Viðbótarlán	0 — —
Kostnaður Viðlagasjóðs	10 — —
Ýmislegt ófyrirséð	40 — —
	<hr/>
	Samtals 500 millj. kr.

Þessi áætlun miðast við að sildarverksmiðja sé ekki endurreist á sama stað, og
að fallist verði á, að bæta yfirgefin verðmæti.

Með fyrirvara um mikla óvissu um ástand véla í rústum sildarverksmiðju.

25. janúar 1975.

Fylgiskjal 2.

Skýringar við áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs.

Tekjuliðir:

Frá sveitarfélögum.

Álögð viðlagagjöld frá árinu 1973 af útsvarsstofni og stofni aðstöðugjalds námu
675 millj. kr. Skv. áliti ráðuneytis er sjóðnum ekki heimilt að innheimta hærra

hlutfall af gjaldinu en raunveruleg innheimta segir til um. 1. desember 1974 var búið að innheimta um 80% af gjaldinu. Um áramót höfðu innheimst 588 millj. kr. Óvarlegt er að áætla, að meira greiðist af eftirstöðvum en 30 millj. kr., er þá miðað við að innheimt verði 91% af álögðum viðlagagjöldum.

Frá ríki og Atvinnuleysistryggingasjóði.

Framlög þeirra eru að fullu greidd.

Hinn 1. mars n. k. falla niður tekjur Viðlagasjóðs af söluskatti, sem numið hafa andvirði eins söluskattstigs s. l. ár, en var áður tvö stig. Er þá gert ráð fyrir að heildartekjur af söluskatti frá upphafi muni nema 2 200 millj. króna.

Þrátt fyrir þessar miklu tekjur jókst yfirdráttarskuld sjóðsins við Seðlabanka um 717 m. kr. á árinu og verður þá heildaryfirdráttarskuld 1 547 m. kr. Þetta er skiljanlegt, þar sem sjóðurinn verður að svara til allra skuldbindinga sinna í reiðufé og stuttum skuldabréfum, en tekjur hans m. a. af húsasölu koma mjög hægt inn.

Í fylgiskjali I eru ekki áætlaðar frekari tekjur af söluskatti, en í fylgiskjali II er gert ráð fyrir þeim möguleika að Alþingi framlengi tekjustofn þennan um 10 mánuði, eða til ársloka 1975, og nemi þá tveimur söluskattstigum á mánuði.

Þar af renni 68% til Vestmannaeyja, en 32% til Neskaupstaðar. Áætlað er, að allt söluskattstig gefi af sér 80 m. kr. á mánuði.

Gjafafé Norðurlanda.

Gjafafé Norðurlanda hefur þegar verið ráðstafað, en það nam upphaflega 100 m. D. kr. (sjá þó skýringu með gjaldalið: Húsbýggingar).

Annað gjafafé.

Alls hafa borist 208 m. kr. frá öðrum aðilum. Ekki er gert ráð fyrir frekari gjöfum.

Afborganir lána og vaxtatekjur.

Á sínum tíma voru greiðslur vegna ónýtra og skemmdra húsa reiknaðar að fullu sem skaðabætur. Tók sjóðurinn að sér að greiða áfallnar afborganir og vexti af áhvilandi lánum. Við endanlegt tjónauppgjör hafa greiðslur þessar komið til frádráttar og því eru þær færðar hér sem tekjur.

Skuld Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum, 86 m. kr. er umsamin og greiðist á næstu 4 árum.

Skuldabréfalán, aðallega til sveitarfélaga, munu greiðast á næstu fimm árum.

Sala véla.

Heildar vélakaup sjóðsins hafa numið 78 m. kr. Seldar hafa verið vélar fyrir 17 m. kr. og er áætlað að véla- og tækjaeign sjóðsins sé um 5 m. kr., sem seldar verða á árinu. Afföll af vélaeign sjóðsins nema því 61 m. kr. Rýrnunina má aðallega rekja til mikils álags tækja við þær aðstæður, sem ríktu í Vestmannaeyjum á sínum tíma. Þannig er t. d. kostnaður v/dæla 24 m. kr., sem reyndust óseljanlegar og voru afhentar Almannavörnum.

Sala innfluttra húsa og leigutekjur.

Um áramót höfðu verið seld 350 hús, auk 60 bráðabirgðahúsa, til Vestmannaeyja. Tekjur af húsasölu til áramóta námu 250 m. kr. auk 26 m. kr. í leigutekjur.

Áætlað er, að allar húseignir sjóðsins, sem eftir eru, seljist á árinu. Húsin voru 494 innflutt varanleg hús, 60 innflutt bráðabirgðahús auk 7 húsa, sem ýmist hafa verið keypt eða byggð.

Á árinu er áætlað að inn komi fyrir húsasölu 650 m. kr., þ. m. t. leigutekjur. Eftir standa þá 1 450 m. kr., sem gert er ráð fyrir að komi inn á næstu 11 árum að meðaltali.

Sala íbúða í Breiðholti.

Vísast til 1. gr. 2. tl. í athugasemdum um útgjöld.

Gjaldaliðir:

Húsbyggingar.

Húsbyggingar Viðlagasjóðs voru tvenns konar. Annars vegar hin svokölluðu Viðlagasjóðshús og hins vegar íbúðarblokk í Breiðholti, sem Viðlagasjóður byggði í samvinnu við Rauða krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar og Vestmannaeyjakaupstað. Auk þess voru byggð eða keypt nokkur hús.

1. Um áramót kostuðu viðlagasjóðshúsin 2,4 milljarða kr. Þar af hefur Viðlagasjóður greitt í peningum 2 192 m. kr., en auk þess koma til viðbótar ógreiddir tollar, ca. 380 m. kr.
2. Íbúðarblokk í Breiðholti hefur verið seld, en féð endurlánað B.Á.V. til 3ja ára, 46 m. kr. auk vaxta.

Ýmsar framkvæmdir.

Í árslok 1974 hafði sjóðurinn varið 1 090 m. kr. til ýmissa framkvæmda. Kostnaður við rekstur sjóðsins, viðhald, varðveislu og viðgerð fasteigna, heimflutning Vestmannaeyinga, hreinsun gosfna, matsgerðir o. fl.

Á árinu 1975 er áætlað að verja 75 m. kr. til svipaðra þarfa og áður getur.

Vélakaup.

Í árslok 1973 hafði sjóðurinn varið 78 m. kr. til vélakaupa. Um frekari vélakaup hefur ekki verið að ræða.

Lánveitingar.

Í árslok 1974 hafði sjóðurinn lánað 487 m. kr. Á s.l. ári bættust við lán að fjárhæð 113 m. kr., sem notuð hafa verið til endurbóta og uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum. Ekki er gert ráð fyrir frekari lánveitingum á þessu ári.

Skaðabætur.

Um s.l. áramót voru greiddar og bókfærðar bætur samtals 2 460 m. kr.

Bæturnar skiptast þannig:

	31. 12. '74	31. 12. '73
Ónýt íbúðarhús	1 144.0 m. kr.	(201.0)
Skemmd íbúðarhús	251.0 —	(22.0)
Bifreiðar	35.0 —	(32.2)
Fyrirtæki	388.0 —	(80.6)
Lausafé	227.0 —	(175.6)
Vestmannaeyjakaupstaður	407.0 —	(78.0)
Tekjubætur	8.0 —	(3.2)
	<hr/>	
	2 460.0 m. kr.	

Áætlað er að ógreiddar séu 1 035 m. kr., sem skiptast þannig, að á þessu ári greiðist 555 m. kr., og standi þá eftir 480 m. kr. Stærsti ógreiddi liðurinn er bætur til

Vestmannaeyjakaupstaðar og er áætlað að greiða 400 m. kr. á árinu. Auk þess er óuppgert við Póst og síma. Aðrar ógreiddar bætur eru fyrst og fremst fasteignabætur til fyrirtækja og einstaklinga, sem greiddar hafa verið með skuldabréfum, sem sjóðurinn verður að innleysa eftir því sem uppbyggingu miðar áfram eða við gjaldfall bréfanna. Auk þess er gert ráð fyrir 100 m. kr. í bætur vegna rekstrartjóns fyrirtækja.

Tollgreiðslur.

Sjóðurinn fékk frest á greiðslu tolla og söluskatts viðlagasjóðshúsa, að fjárhæð 486 m. kr. fram að þeim tíma, er hafnarframkvæmdir hæfust í Þorlákshöfn. Nú hefur verið samið við fjármálaráðuneyti um að dreifa greiðslum þessum fram eftir næsta ári. Látið hefur verið að því liggja, að vextir verði reiknaðir á skuld þessa, og er gert ráð fyrir að þeir verði gerðir upp að höfuðstóli greiddum og eru þeir áætlaðir 75 m. kr.

Vaxtagjöld.

Vaxtagjöld af yfirdrætti í Seðlabanka urðu 160 m. kr. á s. l. ári og önnur vaxtagjöld 15 m. kr.

Ýmislegt og ófyrirséð.

Áætlunin gerði ráð fyrir 85 m. kr. í ófyrirséð á árinu 1975. Óvarlegt verður að telja að gera ekki ráð fyrir slíkum lið í gjaldaáætlun, sem nemur samtals 1261 m. kr., en matsatriði er hversu há upphæðin á að vera.

Fylgiskjal I.

Tekjur og gjöld Viðlagasjóðs.

(Miðað við óbreyttan tekjustofn).

(Í millj. kr.).

Tekjur:	1974	1975	1975	1975	1975	1975	1975	Eftir- stöðvar
	Staðan 31.12.74	I.	II.	III.	IV.	Á árinu	Staðan 31.12.75	
1. Frá sveitarfélögum	588	20	8	—	—	28	616	—
2. Frá ríki og atvinnutrsj.	2201	240	80	—	—	320	2521	—
3. Gjafafé Norðurlanda	1456	—	—	—	—	—	1456	—
4. Annað gjafafé	208	—	—	—	—	—	208	—
5. Afborganir lána og vaxtat. ..	67	40	72	—	81	193	260	396
5.1 Endurgr. yfirtekin lán	65	10	10	—	—	20	85	—
5.2 Vegna Útvegsbanka	—	—	22	—	—	22	22	76
5.3 Skuldabréf/lán	2	30	40	—	81	151	153	320
6. Sala véla	17	—	—	—	5	5	22	—
7. Sala innfl. húsa og leigutekjur	250	125	125	200	200	650	900	1450
8. Sala íbúða í Breiðholti	—	—	—	—	—	—	—	61
Samtals	4787	425	285	200	286	1196	5983	1907
Afgangur/halli (—)		+9	+39	—26	—87	—65		
Staða v. Seðlabankann	—1547	—1538	—1499	—1525	—1612	—1612		

Viðlagasjóður. — Áætlun.
(Í millj. kr.).

	1974 Staðan 31.12.74	1975 I.	1975 II.	1975 III.	1975 IV.	1975 Á árinu	1975 Staðan 31.12.75	Eftir- stöðvar
Útgjöld:								
1. Húsbyggingar	2092	—	—	—	—	—	2092	—
2. Ýmsar framkvæmdir	1089	40	20	10	5	75	1164	—
3. Vélakaup	78	—	—	—	—	—	78	—
4. Lánveitingar	487	—	—	—	—	—	487	—
4.1 Yfirtekin lán	89	—	—	—	—	—	89	—
4.2 Lán v/Útvegsbanka	86	—	—	—	—	—	86	—
4.3 Skuldabréf/lán	277	—	—	—	—	—	277	—
4.4 Vegna endurb. íbúðarhúsn. .	35	—	—	—	—	—	35	—
5. Skaðabætur	2264	250	100	100	105	555	2819	480
5.1 Skaðabætur v/rekstrartjóns .	—	100	—	—	—	—	100	—
6. Tollgreiðslur	100	96	96	96	98	386	486	75
7. Vaxtagjöld	214	—	—	—	160	160	374	—
8. Ýmislegt og ófyrirséð	10	30	30	20	5	85	95	—
Samtals	6334	416	246	226	373	1261	7595	555

Fylgiskjal II.

Áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs.

(Miðað við 68% af tveimur söluskattstigum frá 1. mars 1975 til ársloka 1975).
(Í millj. kr.).

	1974 Staðan 31.12.74	1975 I.	1975 II.	1975 III.	1975 IV.	1975 Á árinu	1975 Staðan 31.12.75	Eftir- stöðvar
Tekjur:								
1. Frá sveitarfélögum	588	20	8	—	—	28	616	—
2. Frá ríki og atvinnutrsj.	2201	240	298	327	327	1192	3393	218
3. Gjafafé Norðurlanda	1456	—	—	—	—	—	1456	—
4. Annað gjafafé	208	—	—	—	—	—	208	—
5. Afborganir lána og vaxtat. ..	67	40	72	—	81	193	260	396
5.1 Endurgr. yfirtekin lán	65	10	10	—	—	20	85	—
5.2 Vegna Útvegsbanka	—	—	22	—	—	22	22	76
5.3 Skuldabréf/lán	2	30	40	—	81	151	153	320
6. Sala véla	17	—	—	—	5	5	22	—
7. Sala innfl. húsa og leigutekjur	250	125	125	200	200	650	900	1450
8. Sala íbúða í Breiðholti	—	—	—	—	—	—	—	61
Samtals	4787	425	503	527	613	2068	6855	2125
Afgangur/halli (—)		+9	+257	+301	+240	+807		
Staða v. Seðlabankann	—1547	—1538	—1281	—980	—740	—740		